

Mánudaginn 3. júnímán. 1918.

Nr. 55/1917.

Sveinn Björnsson fyrir hönd

St. Th. Jónssonar

gegn

Sighvati Bjarnasyni f. h.

Nye Danske Brandforsik-  
ringsselskab af 1864, þota-

búi Jóns Gunnarssonar o. fl.

D ó m u r :

Í september 1914 brunnu á Asknesi í Mjóafirði hús og innanstokksmunir, sem voru eign Jóns Gunnarssonar sveitarkaupmanns frá Holti í Mjóafirði. Hús og munir voru vátrygðir hjá brunabótafélaginu Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864, en vegna ýmsra atvika varð bið á því að félagið greiddi brunabæturnar. Hinn 12. maí 1915 veitti nefndur Jón Gunnarsson stórkaupmanni Jakob Gunnlögssyni í Kaupmannahöfn umboð til þess að innheimta brunabæturnar, en með bréfi dags. 25. sept. s. á. framseldi Jón kröfu sína á hendur brunabótafélaginu áfrýjanda þessa máls, St. Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, og afturkallaði umboðið til Jakobs Gunnlögssonar. Eftir að áfrýjandi hafði fengið framsal þetta, krafðist hann þess, að brunabótafélagið greiddi sér brunabótaféð, en bæði sökum þess að ekki var komið á samkomulag um upphæð brunabótanna og einkum vegna þess, að Jakob Gunnlögsson hafði látið leggja lögghald á kröfuna, færðist félagið undan að greiða hana. Hinn sama dag og málið til staðfestingar lög-

haldinu átti að falla í rétt, hinn 26. nóv. 1915, var bú Jóns Gunnarssonar tekið til gjaldprotaskifta, og féll löghaldið þá úr gildi, en hins vegar gerði protabúið kröfu til brunabótafjárins. Þar eð brunabótafélagið neitaði að greiða áfrýjanda brunabæturnar sökum óvissunnar um það, hver væri hinn rétti kröfuhafi, þá leiddi það til þess, að Sveinn yfirréttarmálflutningsmaður Björnsson höfðaði fyrir hönd St. Th. Jónssonar mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 3. maí 1916 gegn Sighvati Bjarnasyni bankastjóra fyrir hönd brunabótafélagsins Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864 í Kaupmannahöfn til greiðslu brunabótanna, sem með samkomulagi milli hlutaðeigenda höfðu verið ákveðnar 9893 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 30. marz 1916 til greiðsludags, en með því að protabú Jóns Gunnarssonar einnig gerði tilkall til umgetinna brunabótapeninga, höfðaði það íhlutunarmál gegn brunabótafélaginu, og krafðist þess að fá dóm fyrir nefndum 9893 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1915. Loks höfðaði stórkaupmaður Jakob Gunnlögsson í Kaupmannahöfn íhlutunarmál gegn brunabótafélaginu til þess að honum yrðu dæmdar nefndar brunabætur, en undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu féll hann frá íhlutunarmáli sínu.

Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 5. júlí f. á., að stefndi Sighvatur Bjarnason f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864, var dæmdur til að greiða protabúi Jóns Gunnarssonar 9893 kr. með 4% ársvöxtum frá 4. okt. 1915 til greiðsludags, en protabúið var aftur dæmt til að greiða aðalstefn-

anda af þessari upphæð 1004 kr. 25 au. með 4% ársvöxtum frá 4. okt. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður allra málsaðila var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson f. h. St. Th. Jónssonar skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. júlí f. á. og hefir hann stefnt Sighvati Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskap af 1864, og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi f. h. brunabótafélagsins verði dæmdur til að greiða sér f. h. umbjóðanda síns umþráttáð brunabótafé 9893 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum. Svo hefir hann og stefnt ihlutunaraðilum málsins, þeim Kristjáni Linnet f. h. protabús Jóns Gunnarssonar og Boga Brynjólfssyni f. h. Jakobs Gunnlögssonar til að gæta réttar síns í málinu.

Aðalstefndi krefst staðfestingar á bæjarþingsdómnum, án þess þó að láta sig skifta, hvor þeirra áfrýjandi eða protabúið sé hinn rétti kröfuhafi, og málskostnað fyrir yfirdómi. Protabúið krefst og staðfestingar á bæjarþingsdómnum svo og að áfrýjandi greiði því riflegan málskostnað fyrir yfirdómi. Fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar hefir enginn mætt.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, er ágreiningurinn í máli þessu einungis um það, hvort áfrýjanda eða protabúi Jóns Gunnarssonar beri réttur til brunabótaupphæðarinnar. Protabúið heldur því fram, að framsal kröfunnar til áfrýjanda sé óþerkt, með því að hér sé um proformasölu að ræða. Framsalið hafi farið fram rúmum 8 vikum áður en Jón Gunnarsson framseldi bú sitt til gjaldprotaskifta, hafi

áfrýjanda verið fullkunnugt um að gjaldþrot Jóns var yfirvofandi og að brunabótaféð var eina eign Jóns en skuldirnar margfalt meiri. Þá hafi þeim komið saman um að útbúa framsal þetta til þess að ná þessum fjármunum undan búinu. Ennfremur hefir þrotabúið haldið því fram, að hvað sem öðru líði, verði að skoða framsalið aðallega sem gjöf frá Jóns hálfu, með því að áfrýjandi hafi ekki látið neitt koma á móti kröfunni, nema ef vera skyldi 1000 kr. víxill, er hann hafi greitt fyrir Jón og þrotabúið var í undirrétti dæmt til að endurgreiða áfrýjanda af brunabótafénu. Einnig frá þessu sjónarmiði sé framsalið ógilt gagnvart þrotabúinu.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að um réttmæta sölu hafi verið að ræða, og hefir hann fyrir undirrétti skýrt svo frá, að móti afsalinu hafi komið:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Verzlunarskuld Jóns Gunnarssonar við áfrýjanda 20. sept. 1915 . . . . .   | kr. 6734,90  |
| 2. Áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða fyrir Jón til G. Pettersen í Tönsberg . . . . .                        | — 4200,00    |
| Þar af þegar greitt 1950 kr.   |              |
| 3. Áfrýjandi hafi greitt fyrir Jón 2 víxla, annan með gjalddaga 21. sept., hinn með gjalddaga 23. sept. 1915 . . . . . | — 2000,00    |
| Samtals  | kr. 12934,90 |

Þar sem nú hin framselda krafa hafi aðeins numið 9893 kr., hafi Jón Gunnarsson eftir framsalið skuld að sér 3041 kr. 90 aur. auk vaxta.

Í afsalsbréfinu sjálfu er ekkert sagt um það, hvað komið hafi á móti kröfunni á brunabótafélagið af hendi áfrýjanda, að eins er þar sagt að endurgjald sé að fullu greitt og að brunbótaféð sé full eign áfrýjanda. En fyrir lögreglurétti Suður-Múlasýslu, undir rannsókn sem hafin var gegn Jóni Gunnarssyni út af grun um sviksamlegt gjaldprot, hefur Jón borið að samið hafi verið um milli þeirra áfrýjanda, hvernig brunabótafénu ætti að verja, en samkvæmt því áttu aðeins 1000 kr. að ganga til áfrýjanda upp í víxilskuld; auk þess hafi hann átt að greiða áðurnefndum Pettersen allstóra upphæð, um 1950 kr., en eftirstöðvarnar hafi hann átt að greiða nokkrum mönnum, er ábyrgðust lán fyrir Jón hjá Jakob Gunnlögssyni. Í yfirdóminum hefir umboðsmaður protabúsins lagt fram eftirrit af reikningi Jóns Gunnarssonar við verzlun áfrýjanda til 1. okt. 1915, og ber sá reikningur með sér, að áfrýjandi hefir ekki fært Jóni til tekna í viðskiftum þeirra andvirði fyrir brunabótaféð eða neinn hluta af því, en hins vegar hefir útgerðarfélag í Mjóafirði hinn 1. okt. greitt inn í reikning Jóns kr. 6337,97 þannig að hann þann dag hefir orðið skuldlaus við áfrýjanda. Af þessu virðist ljóst, að ekki hefir verið svo um samið, að skuld sú, er Jón var í við áfrýjanda, þá er afsalið var gefið, ætti að greiðast af brunabótafénu. Um hinn 2. lið, greiðsluna til G. Pettersen, hefir áfrýjandi hér fyrir réttinum lagt fram kvittun frá Pettersen fyrir því, að áfrýjandi hafi greitt honum 1950 kr., en þar sem greiðsla þessi hefir farið fram 31. maí 1916 eftir að mál þetta var

höfðað og eftir að áfrýjanda var orðið kunnugt um að protabúið vefengdi rétt hans til brunabótafjárins, og þar sem áfrýjandi hefir ekki sannað að hann áður gagnvart Pettersen hafi skuldbundið sig til þessarar greiðslu, verður ekki álitíð, að greiðsla þessi geti rýrt rétt protabúsins til brunabótafjárins.

Víxil þann, er fjell í gjalddaga 21. sept. taldi undirdómarinn sannað að komið hefði á móti afsali brunabótakröfunnar og dæmdi því protabúið til að greiða upphæð hans, 1000 kr., ásamt afsagnarkostnaði 4 kr. 25 a. af brunabótafénu, og er eigi ágreiningur um það hér fyrir réttinum, að áfrýjandi eigi tilkall til þessarar upphæðar, en gegn mótmælum protabúsins hefir áfrýjandi ekki sannað að hann hafi greitt víxil þann, er féll í gjalddaga 23. s. m. eða að upphæð hans hafi átt að takast af brunabótafénu.

Eftir framansögðu verður eigi séð, að annað hafi komið á móti hinu umrædda brunabótafé en nefndur 1000 kr. víxill. En að þessu athuguðu og þar sem Jóni Gunnarssyni hlaut að vera það ljóst á þessum tíma, að eignir hans hrukku langt frá fyrir skuldum, og þar sem einnig verður að ætla að áfrýjanda, eftir hinum mörgu og margvíslegu viðskiftum, er hann átti við Jón, hafi verið kunnugt um það, að Jón átti ekki fyrir skuldum, er afsalið fór fram, verður að fallast á þá kröfu protabúsins, að hér eigi að beita 28. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 um gjaldþrotaskifti, þannig, að protabúið hafi rétt til brunabótafjárins, gegn því að endurgjalda áfrýjanda upphæð áður nefnds víxils, ásamt afsagnarkostnaði kr. 1004,25 með vöxtum sem svo ákveðið er í hinum áfrýjaða

dómi. Og þar sem málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða umboðsmanni hins stefnda brunabótatélags og þrotabúinu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr. til hins fyrnefnda en 50 kr. til búsins.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sveinn Björnsson yfirréttmálaflutningsmaður f. h. St. Th. Jónssonar, greiði stefnda Sighvati bankastjóra Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringssekskap af 1864, 25 kr., og þrotabúi Jóns Gunnarssonar frá Holti í Mjóafirði 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1918.

Nr. 97/1917.

Garðar Gíslason  
f. h. G. Gíslason & Hay Ltd.  
gegn  
Magnúsi Stefánssyni.